

Fundur í stjórn Myndlistaskólans í Reykjavík 3. júní 2024  
Mætt, auk Áslaugar: Bjarni, Erlendur, Logi, Bergþóra og Edda.

### 1. Starfsmannamál, jafnlaunavottun

Sigmundur hefur því miður sagt upp störfum. Honum bauðst 100% vinna annarsstaðar og hefur störf í ágústbyrjun. Við ætlum að hringja í fólk en ekki auglýsa. Ekki tími til þess. Jafnlaunamálin verða tekin fyrir í næsta lið.

### 2. Rekstraráætlun fyrir næsta rekstrarár (júlí 24-júní 25)

Áslaug lagði fram áætlun fyrir yfirstandandi vorönn ásamt greinargerð Steingerðar um fjármál skólans og þær áskoranir sem framundan eru.

Það sýnir sig að áætlanir Evu um að snúa rekstrinum algjörlega við hafa gengið eftir.

Reksturinn er að skila umtalsverðum hagnaði sem er mjög mikilvægur nú þegar húsakaupin eru framundan.

Þrátt fyrir nauðsyn þess að sýna áfram mikið aðhald hyggjast Áslaug og Steingerður stækka stöðugildi yfirkennara diplómabrauta upp í 30%. Það er 20% viðbót í heildina en það mun muna vel um það. Von er á Sólbjörtu tilbaka í haust en hún er í fæðingarorlofi. Steingerður hefur verið að undirbúa það að skólinn fái jafnlaunastaðfestingu en skólinn er af þeirri stærðargráðu að vottunar er ekki þörf, aðeins staðfestingar. Hún hefur nú tekið öll gögn saman og þá kemur í ljós ákveðinn munur, konum í óhag, sem auðvelt er að útskýra og að leiðrétta. Hann liggur í því að fjórar konur eru ekki með ökutækjastyrk. Áslaug og Steingerður leggja til að allir fastir starfsmenn fái greiddan ökutækjastyrk. Styrkurinn er um 10.000 kr á mánuði. Hefðin frá gamalli tíð er sú að styrkurinn sé fyrir fólk sem kemur á bíl til vinnu og er þá hægt að biðja það um að skutlast með eða eftir hlutum sem til falla. Hinsvegar er raunin sú sumir sem allajafna eru ekki á bíl koma akandi þegar þarf að sækja vörur eða skutlast með eitthvað. Bílastyrkurinn bætist við laun hjá fjórum konum (og einum karli sem var ekki inni í kynningunni af ástæðum sem einnig er auðvelt að skýra ef fólk hefur spurningar). Hækkunin leggur sig þá á u.þ.b. 600 þúsund á ári miðað við núverandi starfsmannafjölda.

### 3. Niðurstöður kennslumats

Engin umræða varð um málið. Áslaug hefur kallað eftir kennslumati frá yfirkennurum og deildarstjórum en er ekki komin með niðurstöður frá neinum. Fólk er almennt á kafi í vinnu við inntöku nýrra nemenda eins og stendur. Þeim lið var því frestað.

### 4. Aðsókn í nám við skólann

Umsóknarfjöldi í dagskóla er langt frá því sem venjulegt er en hluti skýringarinnar er án efa sú umræða sem fram hefur farið í samfélaginu um skólagjöld. Við teljum ljóst að skólinn líði fyrir hana. Jafnvel nám fyrir nemendur með þroskaröskun fær ekki nægar umsóknir. Fjöldinn er sem hér segir:

4 umsóknir (hugsanlega von á einni) um nám í myndlist

13 um listnámsbraut (18 nemendur eru væntanlegir á síðara ár) Samningur tiltekur 32

38 um fornám Samningur tiltekur 32

16 um keramikbraut (mögulega kemur ein til), aðeins pláss fyrir 12

13 um listmálarabraut, aðeins pláss fyrir 12

25 um teiknibraut, getum tekið inn 16

3 um textílbraut (þar eru 4 sem halda áfram þannig að í heildina eru þær 7), getum tekið 12.

Alls er gert ráð fyrir 48 nemendum í viðbótarnámi skv. samningi

Staðan er viðkvæm að því leyti að fáar brautir eiga umsækjendur á biðlista ef einhver hættir við. Inntöku er að ljúka en umsóknarvefur verður opinn áfram vegna textílbrautar, listnámsbrautar og náms fyrir fólk með þroskahömlun. Það skilar sér vonandi.

#### 5. Samningar við ríki/borg

Samningurinn við ríkið er enn ófrágenginn þar sem viðurkenning á skólanum er ekki enn komin í hús. Menntamálastofnun ætlaði að klára málið áður en stofnunin var lögð niður en það náðist ekki vegna þess að skýrsla heilbrigðiseftirlits var of gömul.

Ráðuneytið er nú með verkefnið. Við fengum viðbrögð fyrir stuttu og þar voru nokkrar óvæntar athugasemdir sem við erum að leysa úr. Þær eru í raun allar góðar og til hins betra fyrir okkar starf en það kostar einhverja vinnu að ljúka málinu. Vonandi tekst þetta samt á næstu viku. Þá ætti viðurkenningin að koma fljótlega og samningurinn í beinu framhaldi. (Greiðslur til skólans eru í samræmi við nýjan samning.)

Skólinn fær eingöngu eins árs framlengingu á samningi við borgina sem þýðir óbreyttar upphæðir. Nauðsynlegt verður því að skera leik- og grunnskólaverkefnið niður en við vorum með u.þ.b. 5 milljón kr. tap af því á árinu. Vonandi fáum við nýjan samning með nýjum tölum að ári liðnu.

#### 6. Húsnæðismál

Staðan er þannig að við erum enn í limbói. Hvorki hefur verið gengið frá samningi um sölu á Hringbrautinni né kaupum á Rauðarárstíg. Við höfum samt enn fulla trú á að það verði fundin lausn áður en langt um líður. Vandamálið varðar greiðsluflæði og afhendingardaga en ríkið er mun stífara á upphæðum við undirritun samnings en áður hafði verið búið að gefa í skyn en ríkiskaup sögðu að fjárflæði yrði stillt upp þegar komið yrði að samningum. Fjármögnunaráætlanir Gabríels og viðskiptabanka hans gera ráð fyrir að mestu peningarnir komi til okkar við afhendingu. Það gengur illa upp fyrir okkur. Húsnæðisnefndin fundar ásamt Presti í hádeginu á morgun.

#### 7. Önnur mál

Bjarni spurði út í erfitt mál sem kom upp á listmálarabrautinni. Það er von okkar stjórnenda skólans að málinu sé lokið en þó er ekki hægt að slá því föstu að svo stöddu.

Fundi slitið

Fundargerð ÁTh

# Undirritunarsíða

Bjarni Hinriksson

Logi Bjarnason

Erlendur Hjaltason

Edda Kristín Sigurjónsdóttir

Bergþóra Guðnadóttir